

**Nd. 203. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]**

um skipun rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á viðskiptum fjármálaráðuneytisins við Axel Kristjánsson og h/f Ásfjall.

Flm.: Geir Gunnarsson, Karl Guðjónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka viðskipti fjármálaráðuneytisins og Axels Kristjánssonar, Hafnarfirði, og hlutafélagsins Ásfjalls í sambandi við ríkisábyrgð, sem heimiluð var á 22. gr. fjárlaga 1959, svo og útgerð Axels Kristjánssonar í ábyrgð ríkissjóðs á togaranum Brimnesi.

Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, skriflegar og munnlegar, bæði af embættismönnum og einstökum aðilum.

**Greinargerð.**

Á 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 er ríkisstjórninni heimilað, svo sem þar segir: „Að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4320000 kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins.“

Axel Kristjánsson stofnaði síðan fyrirtækið Ásfjall h/f, sem hafði yfir að ráða innborguðu hlutafé að upphæð 100 þús. kr. Það félag flutti inn togarann Keili, sem smíðaður var árið 1950. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir 4320000 kr. var síðan veitt í árslok 1959 og gengið út frá því, að endanlegt kaupverð togarans næmi nákvæmlega því, að 80% þess svaraði til hámarksupphæðarinnar, sem þannig var notuð að fullu.

Samkvæmt upplýsingum forsvarsmanns fyrirtækisins í Alþýðublaðinu 19. jan. 1960 nam kaupverðið þó eigi nema nál. 2880000 kr., en viðgerðir fóru fram á skipinu erlendis, og virðast þær hafa kostað álíka mikið og skipið sjálft, eða nál. 2520000 kr., og ríkisábyrgð einnig verið veitt vegna þeirra.

Þegar fyrstu greiðslur vegna láns féllu í gjalddaga, varð ríkissjóður að annast þær, og lauk útgerð togarans Keilis í janúar 1961, er honum var lagt vegna greiðslubrots fyrirtækisins Ásfjalls h/f.

Ríkissjóður yfirtók skipið og seldi það síðar fyrir 2 millj. kr. Útgjöld ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta af láni með ríkisábyrgð, er Ásfjalli h/f var veitt, munu, þegar greiðslu lánsins lýkur, nema um 9 millj. kr., svo að hreint tjón ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar verður, miðað við núverandi gengi, um 7 millj. kr., eða 70-falt hlutafé fyrirtækisins.

Samkvæmt samþykkt Alþingis náði heimild til ríkisábyrgðar vegna Ásfjalls h/f aðeins til 4320000 ísl. kr., en engin heimild hefur verið veitt til ríkisábyrgðar á hugsanlegum gengismun við gengislækkunar. Veitt ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt núverandi gengi nemur nál. tvöfaldri heimilaðri ábyrgð, en bankar hafa krafizt af öðrum aðilum sérstakrar ábyrgðar vegna gengismunar.

Verður að telja mál þetta allt þannig vaxið, að fullkomin ástæða sé til þess, að það sé rannsakað náið og leitt í ljós m. a., hvernig raunverulegt kaupverð hefur verið sannreynt, þegar haft er í huga ástand skipsins eftir ársnotkun.

Fullkomin ástæða er til þess, að rannsakað verði, á hvern hátt veðhæfni skipsins hefur verið könnuð, áður en ríkisábyrgðin var veitt, m. a. hver hafa verið vottorð skipaefirlitsins um ástand þessa 10 ára gamla togara, þegar þess er gætt, að eftir að veitt er ríkisábyrgð fyrir 7.4 millj. kr. samkvæmt núverandi gengi á 80% af uppgefnu verði skipsins, er skipið selt fyrir 2 millj. kr. eftir ársnotkun.

Í lagaheimildinni fyrir ríkisábyrgðinni til Axels Kristjánssonar eða hlutafélags hans er ráðuneytinu falið að láta ábyrgðina aðeins af hendi gegn gildum trygg-

ingum. Nú kemur í ljós aðeins rúmu ári eftir veitingu ríkisábyrgðarinnar, að ríkið hlýtur margra milljóna króna tjón af viðskiptum þessum við Axel Kristjánsson eða hlutafélag hans, enda þótt ætla megi, að aðili þessi hafi haft öll ráð á að setja tryggingar, sem firrt hefðu ríkissjóð skaða.

Í þessu sambandi má geta þess, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar varð ekki við beiðni sama aðila um ábyrgð bæjarsjóðs Hafnarfjarðar fyrir láni til kaupa þessa skips, þar eð tryggingar í skipinu einu saman voru ekki taldar fullnægjandi fyrir slíkri ábyrgð.

Það verður því að ætla, að ekki muni við því verða amázt, að þjóðin fái fulla greinargerð um það, á hverjum rökum þáverandi fjármálaráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, gaf út fyrrgreinda ríkisábyrgð, þar sem fyrir liggur, að því fer víðs fjarri, að gildar tryggingar hafi verið fyrir henni settar.

Snemma á árinu 1959 var togarinn Brimnes, sem verið hafði í eigu Seyðisfjarðar-kaupstaðar, tekinn af kaupstaðnum vegna vanskila á ríkistryggðum lánum. Ríkissjóður tók skipið í sína vörzlu og ákvað að fela Axel Kristjánssyni forstjóra í Hafnarfirði að hafa með höndum rekstur skipsins.

Í þessu sambandi aflaði ríkisstjórnin sér heimildar Alþingis á fjárlögum fyrir árið 1959, þar sem henni var heimilað: „Að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til 1. sept. n. k. með það fyrir augum, að afla skipsins verði landað sem mest á Seyðisfirði, þó þannig, að rekstrarafkomu þess sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Enn fremur að innleysa gegn veði í skipinu áhvílandi sjóðveðs- og fjárnámskröfur.“

Ráðstafanir þessar voru gerðar af stjórn Alþýðuflokksins, sem sat árið 1959, og voru framkvæmdar í aðalatriðum á eftirfarandi hátt:

Fjármálaráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, fól Axel Kristjánssyni rekstur skipsins, og mun engin sérstök rekstrarstjórn hafa unnið með honum. Ríkissjóður mun í upphafi rekstrarins hafa lagt fram 2.5 millj. kr. Rekstur skipsins var með þeim hætti, að það lagði aldrei upp neinn afla í heimahöfn sinni, Seyðisfirði, eins og Alþingi hafði þó gert ráð fyrir. Hins vegar mun talsverður hluti afls skipsins hafa verið lagður upp í vinnslu í frystihúsi Axels Kristjánssonar.

Axel Kristjánsson stjórnaði rekstri skipsins allt árið 1959 og nokkuð fram á árið 1960, þótt heimild Alþingis, sem ríkisstjórninni var veitt, gerði ekki ráð fyrir því, að ríkissjóður hefði með höndum rekstur togarans lengur en til 1. sept. 1959. Verður því ekki séð, samkvæmt hvaða heimild Axel Kristjánsson hefur rekið togarann Brimnes á ábyrgð ríkissjóðs eftir 1. sept. 1959.

Nálægt miðju ári 1960 stöðvaðist útgerð togarans Brimness vegna taprekstrar, og hefur skipið síðan legið í Reykjavíkurhöfn. Engar upplýsingar hafa opinberlega komið fram um það, hve mikið tap ríkissjóður hefur haft af þessum rekstri togarans Brimness undir stjórn Axels Kristjánssonar.

Þessi rekstur togarans Brimness á ábyrgð ríkissjóðs fór að verulegu leyti fram á sama tíma og Axel Kristjánsson hafði sjálfur með höndum rekstur togarans Keilis, sem áður er minnt á.

Þar sem nú er svo komið, að rekstur beggja þessara togara hefur stöðvazt og ríkissjóður orðið fyrir verulegum töpum, sýnist full ástæða til þess, að samskipti ríkissjóðs og Axels Kristjánssonar varðandi rekstur þessara skipa og fjárhagslegar skuldbindingar séu teknar til gaumgæfilegrar athugunar og Alþingi fái glögga skýrslu um málið.

Í athugasemdum endurskoðenda ríkisreikninga við ríkisreikninginn 1960, sem lagður var fram á Alþingi í dag (11. des.) eru rakin nokkuð viðskipti ríkissjóðs og Axels Kristjánssonar vegna togarans Brimness, og fer sá kafli athugasemdana hér á eftir:

„Á 22. gr. RR er færð greiðsla vegna rekstrar togarans Brimness kr. 414 614.33  
Þá er og fært á RR greiðslur vegna ábyrgðarlána 1960 vegna þessa  
togara ..... — 457 001.41

Vegna viðskipta þessa togara við ríkissjóð og m. a. vegna þess, hvernig þeim viðskiptum er háttað, skal vikið nánar að þessu máli:

Fyrri hluta árs 1959 var útgerð bæjarsjóðs Seyðisfjarðar á b/v Brimnesi fyrir löngu komin í þrot og skipið búið að liggja umhirðulítið á Seyðisfirði veturinn 1958—1959. Skipið var þá orðið bæjarsjóðnum mikil byrði.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar bar þá upp vandræði sín við ríkisstjórnina, og voru þessi útgerðarmál tekin til nokkurrar athugunar á vegum ráðuneytisins.

Í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 var ríkisstjórninni heimilað að gera b/v Brimnes út til 1. sept. þessa árs. Ákvað ríkisstjórnin að fela Axel Kristjánssyni, framkvæmdastjóra í Hafnarfirði, útgerð skipsins fyrst um sinn. Mun þetta hafa verið gert að beiðni bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Um þessa útgerð munu engir skriflegir samningar hafa verið gerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar um, hvernig útgerðinni skyldi háttað.

Jafnframt þessu voru Axel Kristjánssyni greiddar 2.5 millj. króna, sem varið skyldi til að gera við skipið, losa af því sjóveðs- og lögveðskröfur, sem útgerðin hafði safnað þá undanfarið, meðan entist. Fé þessu er varið, samkvæmt skýrslu G. M. endurskoðanda í Hafnarfirði, sem hér segir:

Gamlar skuldir:

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði .....	kr. 900 000.00	(sjóveð, dómar)
Oliufélagið h/f .....	— 305 000.00	
Lífeyris- og dánarbótasjóður F.Í.B. ....	— 26 329.30	
Stofnlánadeild sjávarútvegsins .....	— 231 737.01	
Hall & Barton Ropery Co. ....	— 69 624.92	
Hampiðjan h/f .....	— 30 921.50	
Lloyd & Register of Shipping .....	— 3 040.00	
Gunnþór Björnsson vegna kostnaðar á Seyðisfirði ..	— 29 859.93	
Oliufélagið h/f vegna olíuúttektar 16. apríl 1959 ..	— 17 207.68	
Vinnulaun á Seyðisfirði, áður en skipið fór suður ..	— 41 380.93	
		kr. 1 655 101.27
Lántökukostnaður .....	— 30 675.00	
Vinnulaun og kostnaður við viðgerð í Reykjavík .....	— 68 902.27	
Vélsmiðjan Héðinn h/f .....	kr. 434 436.37	
Slippfélagið í Reykjavík .....	— 125 426.90	
Stálsmiðjan h/f .....	— 77 264.27	
Segull h/f .....	— 53 744.12	
Ýmsir .....	— 80 661.74	
		— 771 533.40
		<b>Kr. 2 526 211.94</b>

Í maímánuði 1959 var b/v Brimnes tilbúið á veiðar, og hélt Axel Kristjánsson síðan skipinu úti án nokkurs hlés þar til í maílok 1960 eða rétt ár.

Eins og fyrr segir, var ríkisstjórninni heimilt að gera b/v Brimnes út til 1. sept. 1959, en ekki mun hafa þótt gerlegt að stöðva skipið þá. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skoraði um þetta leyti mjög eindregið á ríkisstjórnina að halda útgerð skipsins áfram.

Útgerð b/v Brimness lauk með þeim hætti, að það fór í sína síðustu veiðiferð 12. maí 1960, en þegar skipið var að koma á Nýfundnalandsmið, varð b/v Keilir, eign Ásfjalls h/f (Axel Kristjánsson), fyrir svo alvarlegri öxulbilun, að skipið varð ósjálfbjarga vestur í Grænlandshafi. Sá Axel Kristjánsson svo um, að b/v Brimnes var snúið b/v Keili til hjálpar, og dró Brimnes skipið til Reykjavíkur. Síðan er nær 1½ ár, og hefur b/v Brimnes legið í Reykjavíkurhöfn þann tíma. Fyrir björgun

b/v Keilis fékk útgerð b/v Brimness borgaðar kr. 829 519.12 í björgunarlaun, sem greidd voru í ríkissjóð.

Axel Kristjánsson hafði með bréfi, dags. 25. maí 1960, tilkynnt fjármálaráðuneytinu, að útgerð hans á skipinu væri lokið, fól ráðuneytisstjóri, Sigtryggur Klemenzson, Sigurði Ólasyni og Jóni Sigurðssyni að ganga eftir uppgjöri af hálfu Axels Kristjánssonar vegna útgerðarinnar. Þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni var ekki fyrr en í ágústbyrjun, að Axel Kristjánsson skilaði efnahags- og rekstrarreikningum. Jón Sigurðsson, sem tók við reikningum þessum, tjáði Axel Kristjánssyni þá þegar, að ráðuneytið þyrfti að fá bókhald útgerðarinnar allt til endurskoðunar, og tók Axel Kristjánsson því vel og sagði til um, hvar það væri niður komið. Næstu daga fékk Jón Sigurðsson bókhaldið allt í sínar hendur.

Skömmu síðar skipaði fjármálaráðuneytið skilanefnd til að sjá um endurskoðunina og jafnframt sjá um greiðslur skulda og innheimtu útistandandi krafna. Í skilanefnd eiga sæti Sigurður Ólason, Jón Sigurðsson og Jónas Jónsson framkvæmdastjóri.

Guðmundur Magnússon endurskoðandi og Jón Ólafsson fulltrúi, báðir úr ríkisendurskoðuninni, voru fengnir til að framkvæma endurskoðunina, og luku þeir aðallega því verki síðari hluta septembermánaðar og skiluðu ítarlegum athugasemdum.

Strax og unnt var, eftir að endurskoðendur höfðu skilað athugasemdum sínum, hélt skilanefndin fund með Axel Kristjánssyni og kynnti honum athugasemdirnar. Á fundi þessum fékk Axel Kristjánsson eintak af athugasemdum endurskoðenda, og var honum gefið tækifæri til að skila skriflegum svörum og leiðrétta það, sem aflaga hafði farið.

Axel Kristjánsson skilaði svörum í lok október, en án þess að nokkuð upplýstist um þau atriði, sem mestu máli skipta í athugasemdunum.

Þessu næst tók skilanefndin til meðferðar athugasemdirnar, og úrskurðaði hún minni háttar atriði, þótt þau einatt bæru vott um harla litla reglu á útgerðinni og bókhaldinu. Að því loknu tók skilanefndin saman bréf til fjármálaráðuneytisins, dags. 3. des. 1960, þar sem skýrt er frá nokkrum þeirra atriða, sem nefndin taldi sér ekki fært að úrskurða og taldi sérstaka þörf fyrir mæla um frá ráðuneytinu.

Jafnframt þessu lét skilanefndin fram fara allsherjar endurskoðun á öllum launaútreikningum útgerðarinnar og greiddi þær kröfur, sem staðreyndar urðu.

Þegar þessu verki var að mestu lokið, sendi nefndin fjármálaráðuneytinu bréf, dags. 25. marz, ásamt bráðabirgðauppgjöri fyrir útgerðina og benti á, að nefndin teldi sig ekki geta frekar að málinu unnið að svo stöddu.

Í maí og ágúst s. l. ritaði Axel Kristjánsson bréf, þar sem upplýst var um tvö atriði, sem skilanefndin hafði sérstaklega bent á í bréfi sínu til fjármálaráðuneytisins, dags. 3. des. 1960. Skal hér dregið á óumdeilanlegar skuldir Axels Kristjánssonar í sambandi við nefnt uppgjör, svo og úrskurðuð atriði, sem Axel Kristjánsson ekki hefur gert nægilega grein fyrir:

#### I. Óumdeilanlegar skuldir Axels Kristjánssonar.

Skuld á viðskiptareikningi Axels Kristjánssonar ..... kr. 21 723.86

(Skuld þessi var ekki til í uppgjöri A. K., en hefur orðið til við leiðréttingar endurskoðenda.)

Skuld Ásfjalls h/f ..... — 68 112.47

(Skuld þessi er orðin til með þeim hætti, að inneign í sjóði, sem bókhaldið leiddi í ljós við uppgjör A. K., var færð sem peningagreiðsla til Ásfjalls h/f, án nokkurra fylgiskjala. Það er viðurkennt af hálfu A. K., að hér hafi ekki verið um að ræða raunverulega greiðslu, heldur einungis færslu til bókhaldslega að tæma sjóðinn, sem enginn var fyrir.)

Skuld Sigurðar L. Eiríkssonar .....	kr.	3 934.40
Vextir á hlaupareikningi nr. 528 í Iðnaðarbankanum (einkareikn. A. K., en voru færðir til gjalda hjá b/v Brimnes) .....	—	2 358.70
Eftirstöðvar af aflasölu hjá Peter Hein, Cuxhaven, DM 2.744,36 ..	—	25 074.15
(Eftirstöðvar þessar voru ekki greiddar inn til útgerðarinnar, en munu hafa blandazt uppgjöri vegna b/v Keilis.)		
Ábyrgðarþóknun vegna Gerexim, Bremerhaven .....	—	245.40
		<hr/>
	Kr.	121 448.98

#### II. Ágreiningsatriði:

Skuld Reynis Kristjánssonar DM 480 — isl. kr. 300.00 .....	kr.	2 738.40
Reikningur frá Pierpoint & Bayant Ltd. fyrir 40 stk. húðir vegna b/v Keilis .....	—	22 377.60
Vanreiknaður aflí Gúanófiskjar 20 070 kg .....	kr.	12 042.00
Mismunur á löndun 27. júlí 1959 .....	—	4 165.00
		<hr/>
	—	16 207.00
Reikningur frá Gerexim skv. meðf. sundurliðun á fskj. 1 DM 18.363.65	—	71 618.24
Greiðslur til Jóns Eiríkssonar fyrir umsjón og viðhald veiðarfæra	—	12 054.31
(A. K. reiknar sér kr. 36 000.00 fyrir vörzlu á veiðarfærum og viðhald.)		
Greiðslur til A. K. fyrir eftirtalið:		
1. Framkvæmdastjórn, skrifstofukostnað, ljós, hita o. fl. ....	kr.	214 000.00
2. Leigu fyrir geymslu í 12 mánuði .....	—	24 000.00
3. Akstur vegna b/v Brimness .....	—	18 000.00
4. Vörzlu á veiðarfærum í 12 mánuði og viðhald ..	—	36 000.00
		<hr/>
	—	292 000.00
		<hr/>
	Samtals	kr. 538 444.53

Talið er, að hér komi til frádráttar þrjár liðir, sem möguleiki er á, að úrskurðist A. K. í vil .....	—	17 610.18
		<hr/>
	Kr.	520 834.35

Þá er þess að geta, að þegar A. K. skilaði svörum við athugasemdum endurskoðenda í lok október 1960, lagði hann fram ýmsa reikninga frá firmanu Gerexim í Bremerhaven, sem var umboðsfirma hans þar og fleiri þar eystra, samtals að fjárhæð DM 14.693,29 eða kr. 88 821.54 á gengi því, sem í gildi var á þeim tíma, að viðbættu yfirfærslugjaldi, er viðskipti eiga að hafa farið fram.

Löngu síðar hafa einnig verið lagðir fram reikningar, en ekki sýnist ástæða til að fjölyrða frekar um þá, en auðvitað koma þeir til athugunar og afgreiðslu við frambald málsins.

Á einu fskj. (211) er ritað á pappírsblað:

„Contant:

Sept. 16. An. 1 stk. Koparskrúfa kr. 135 000.00.“

Ekki hefur fengizt skýring á þessum lið, sem nokkurs virði er.

Hér hafa verið gerð að umtalsefni þau helztu atriði þessara reikninga, er máli skipta. En fjölda athugasemda og leiðréttinga umfram þetta hefur umboðslega endurskoðunin gert.

Hafa yfirskoðunarmenn stuðzt í athugunum sínum við álit endurskoðendanna, þeirra G. M. og J. Ó., og enn fremur við álit og skýrslur skilanevndarinnar, þeirra J. J. og S. Ó. og J. S.

Samkvæmt skýrslu frá ríkisbókhaldinu var skuld Fiskiðjuvers Seyðisfjarðar vegna b/v Brimness 31/12 1960 ..... kr. 1 293 612.56  
En 31. október þ. á. nam skuldin ..... — 2 302 323.96

Loks skal þess getið, að 5. nóv. f. á. var í fógetarétti Seyðisfjarðar lagður Ríkissjóði Íslands út til eignar togarinn Brimnes fyrir kr. 7 000 000.00.

Yfirskoðunarmenn álíta, að ekki sé viðunandi, að þessu máli sé ekki ráðið til lykta, svo fljótt sem verða má, og það rannsakað til fulls.

Frekari dráttur á afgreiðslu málsins getur ekki orðið til gagns eða neinum til góðs.“